



Upplýsingar
til fjölmiðla
frá skrifstofu forseta Íslands

ATBURÐIR UM ÁRAMÓT RÍKISRÁÐSFUNDUR – ORÐUVEITING – NÝÁRSMÓTTAKA

1. Ríkisráðsfundur verður á Bessastöðum á gamlársgdag, 31. desember, kl. 10:00 og eru heimilaðar myndatökur í upphafi fundarins.
2. Orðuveiting verður á Bessastöðum á nýársdag og hefst hún kl. 14:20. Myndataka af orðuhöfum verður heimiluð í lok athafnar, um það bil kl. 14:40.
3. Nýársmóttaka forseta fyrir ráðherra, hæstaréttardómara, alþingismenn, sendiherra, ræðismenn, forystumenn ríkisstofnana og embættismenn, forystumenn félagasamtaka, stéttarsamtaka og atvinnulífs og aðra gesti hefst síðan kl. 15:00 á nýársdag og varir til um kl. 17:30. Myndatökur verða heimilaðar í henni í samráði við forsetaritara.

Athygli skal vakin á því að um hátíðlega atburði er að ræða, sérstaklega á nýársdag, og er vinsamlega farið fram á að ljósmyndarar og fréttamenn taki tillit til þess í klæðaburði.

28. desember 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).